

Fundargerð 23. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 5. nóvember 2015

Mánudaginn 5. nóvember 2015 kl. 10:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Róbert Ragnarsson formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson, Gauti Jóhannesson og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Sjávarútvegsfundur

Lagðir fram minnispunktar sem teknir voru saman í umræðuhópum á sjávarútvegsfundinum.

Starfsmanni og formanni falið að útbúa minnisblað út punktunum og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

2. Beiðni um umsögn um tillögur að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða

Lagt fram bréf frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 22. október 2015, þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um tillögur að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða.

Starfsmanni falið að afla upplýsinga frá öðrum löndum um forkaupsrétt sveitarfélaga. Formanni falið að útbúa fyrstu drög að umsögn.

3. Trillan

Starfsmaður gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en gert er ráð fyrir að það verði klárað á þessu ári.

Starfsmanni falið að koma ábendingum stjórnar til starfsmanna Íslenska sjávarklasans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð skráði RR